

Fundarfrásögn Stjórnarfundur FÍF

Dags: 08.september 2016 12:00-13:00

Staður: Bandalag Háskólamanna

Mættir: Hugrún, Ása, Friðrik, Ólafur Már, Kristinn, Kristmundur

1. **Samningar við Reykjavíkurborg:** Skriflegt svar hefur borist frá Reykjavíkurborg og hefur verið ákveðið að leita lögfræðiráðgjafar í málinu.
2. **Vísindaferðir:** Það hafa verið boðaðar nokkrar vísindaferðir frá Háskóla Íslands á næstunni og mikilvægt að einhverjir stjórnarmeðlimir geti verið á svæðinu þegar þær eiga sér stað. Dagsetningar ferðanna eru 9. september, 4. nóvember, 24. febrúar. Kristinn tekur að sér að mæta fyrir hönd stjórnar þann 9. september.
3. **Hópur fötlunarfræði, tómsundafræðinga, félagsráðgjafa, íþróttakennara:** Heimsóttu stjórnina í því skyni að ræða mögulegt samstarf og aðild að FÍF. Viðast þetta háskólanám ekki eiga skýran stað innan BHM og hvaða félagi þeir eiga að tilheyra og er það jafnvel mismunandi á milli námsleiða. Stjórn tók jákvætt í samstarf við nemendafélagið. Var hópnum boðið að hitta stjórnarmeðlimi aftur fljótlega ásamt þjónustu skrifstofu þar sem hægt væri að kynna starfsemi félagsins og starfsemi BHM og sjóði fyrir nemendum. Um er að ræða hóp sem vinnur hjá sveitarfélögum og gætu verið meðlimir að FÍF. Skoða verður aðild þegar einhver sækir um en miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um námið núna er líklegt að þau sem sækja um fái inngöngu.
4. **Lífeyrismál:** Verið er að vinna að samkomulagi um að samræma lífeyriskjör í landinu í tengslum við SALEK samkomulagið. Samkvæmt núverandi drögum eiga öll réttindi eiga að halda sér en nokkur vafaatriði eru enn til staðar sem snúa að stöðu þeirra sem vinna hjá sjálfseignastofnunum. Ákvæði er í samkomulagi um vinnu við að jafna launakjör á milli markaða. Stjórnin fóru yfir þau gögn sem liggja fyrir og ræddi málið. Fram kom í umræðum að ekki var ánægja með hversu hratt væri verið að vinna málið en mikil tímapressa er á að koma því í gegnum þingið fyrir kosningar. Stjórnin telur það jákvætt á margan hátt en að orða þurfi ákvæði um jöfnun launa með skýrari hætti. Ákveðið að FÍF komi til með að styðja samkomulagið.